



FRÆÐSLUFUNDUR MATVÆLASTOFNUNAR


UM NOTKUN SKRÁARGATSINS FYRIR MATVÆLAFRAMLEIÐENDUR
OG INNFLYTJENDUR

18. FEBRÚAR 2014

Zulema Sullca Porta




Innleiðing Skráargatsins á Íslandi - 12. nóv. 2013





Norrænt samstarf við innleiðingu Skráargatsins





Meginmarkmið Skráargatsins

Markmið Skráargatsins er að auðvelda neytendum og aðstoða þá við að velja hollustusamlegri matvörur á virkan og skjótan hátt.

Kjörorð Skráargatsins:



Einfalt að velja hollara



Annað meginmarkmið Skráargatsins

Að hvetja matvælaframleiðendur til að þróa hollari
vörur og stuðla þannig að auknu úrvali af hollum
matvælum á markaði



Einfalt að velja hollara



Aukið framboð á hollari matvörum

Fjöldi vara með Skráargatinu í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, 2011/2012:

Land	Fjöldi vara
<i>Svíþjóð</i>	<i>1500</i>
<i>Noregur</i>	<i>1532</i>
<i>Danmörk</i>	<i>Ca. 1700</i>



Tækifærum fylgja ábyrgð og áskoranir

- Framleiðendur eru sjálfir ábyrgir fyrir því að reglum um Skráargatið sé fylgt.
- Neytendur eiga rétt á því að geta treyst því að vörur með Skráargatinu séu hollari kostur í samanburði við aðrar sambærilegar vörur.





Áskoranir





Reglugerð til að tryggja rétta notkun merkisins

- Til þess að tryggja rétta notkun merkisins og að skilyrðunum þess sé fylgt, hefur verið sett reglugerð um notkun Skráargatsins á Íslandi:
 - Í gildi er reglugerð nr. 999/2013 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla
- Reglugerðin inniheldur sömu skilyrði, takmarkanir og kröfur varðandi notkun Skráargatsins og annarstaðar á Norðurlöndum.



Skráargatið er lifandi reglugerð

- Reglugerðin byggist á 25 matvælaflokkum og setur mismunandi skilyrði um innihald ákveðinna næringarefna fyrir hvern matvælaflokk.
- Þetta er lifandi reglugerð sem verður endurskoðuð þegar þekking á næringu og/eða aðstæður á matvælamarkaðnum breytast.

Þessar matvörur geta fengið Skráargatið

Skrárgatið finnur þú á umbúðunum matvara, á fiski og lausum ávöxtum og grænmeti.



Brauð og kornvörur
Brauð, pasta, fríðgjól, morgunbrunur og aðrar kornvörur



Mjólkurvörur
Mjólk, syrlur mjólkumbólur og ostur



Ávextir og ber
Ferski eða frosnir



Vörur úr jurtarikinu sem valkostur við dýraafurðir
T.d. sjóþrákur, hvaldrákur og tofa



Matarolia og viðbit



Grænmeti og kartöflur
Ferski, frosnir eða varðveittir í vatni



Fiskur og skellfiskur
Fiskur og vörur úr fiski, ferskar eða frosnar



Kjöt og kjótlegg
Ferski eða frosnir



Tilbúnir réttir
Sósur, pitbur, vefjur og samkvæmur

Hvað felst í Skráargatinu?

Matvörur sem bera Skrárgatið verfa að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi t.d. fitu, sykur, salt, teygju og heilsum. Skrárgatið auðveldar þér vald á heilsum matvörum og þar með að fara eftir rættleggingum. Embætti Landlæknis um matvæði og næringarefni.

- Menni og heilari fita
- Menni sykur
- Menni salt
- Menni af teygju og heilsum



Næringarviðmið í reglugerð um Skráargatið

- Reglugerðin um Skráargatið er byggð á **norrænu næringarráðleggingunum** *Nordic Nutrition Recommendations* frá 2004 (NNR 2004).
- Á síðasta ári kom út ný og endurskoðuð útgáfa af NNR, þ.e. NNR 2012.
- Í NNR 2004 og NNR 2012 eru gefnar ráðleggingar um að takmarka inntöku á fitu, mettuðum fitusýrum, transfitusýrum, sykri og salti og aukna neyslu á matvælum sem innihalda meira af trefjum, s.s. ávöxtum, grænmeti og grófum kornvörum.
- Þessar ráðleggingar eru grundvöllur Skráargatsins og skila sér í skilyrðum reglugerðarinnar fyrir þessi næringarefni í hinum ýmsu matvælaflokkum.



Reglugerð nr. 999/2013 hefur nú þegar verið endurskoðuð

- Núverandi Skráargatsreglugerðin hefur verið endurskoðuð og tillögur að nýrri reglugerð voru lagðar fram til umsagnar þann 28. janúar sl.
- Í þessari nýjustu endurskoðun reglugerðarinnar hefur verið lögð sérstök áhersla á frekari skerðingu saltinnihalds og strangari skilyrði fyrir mettaðar fitusýrur.
- Ýmsar breytingar á matvælaflokkunum eru einnig fyrirhugaðar. Nokkrum nýjum flokkum hefur verið bætt inn í reglugerðina eins og hrísgrjón, rúgbrauð og hnetur svo dæmi séu tekin en einnig er tillaga um að fella einn flokk úr gildi.



Skýringar á reglugerðinni -

Gildissvið, skilgreiningar og skilyrði (1. gr. og 2. gr.)

Notkun Skráargatsins verður að fylgja skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 999/2013.

- Reglugerðinni er beint að framleiðendum, innflytjendum, smásöluaðilum og öðrum tengdum framleiðslu og markaðssetningu matvæla.
- Reglugerðin hvorki takmarkar né útvíkkar aðra löggjöf.
- Það er frjálst að nota merkið og það eru engin gjöld tengd reglunum af hálfu yfirvalda.
- Það er frjálst að nota Skráargatsmerkið í tengslum við markaðssetningu af matvælum.




Um skilyrði skráargatsreglugerðarinnar (2. gr.)

- Reglugerðin skigreinar 25 matvælaflokkar sem koma fram í viðauka 2.
- Reglugerðin setur mismunandi skilyrði um innihald ákveðinna næringarefna fyrir hvern matvælaflokk:
 - Magn fitu (hámark)
 - Gerð fitu (hámark mettaðra fitusýra)
 - Magn sykurs, bæði heildarsykurinnihalds og viðbættis sykurs (hámark)
 - Salt, þ.e.a.s innihald af natríumi (hámark)
 - Trefjar (lágmark)



Grafísk hönnun Skráargatsins (3. gr.)

- Merkið samanstendur af hvítu skráargati á grænum eða svörtum grunni með vörumerkisskráningu ®.
- Grafísk hönnun Skráargatsins er sýnd í viðauka 1.





Takmarkanir fyrir notkun Skráargatsins - Sameiginleg skilyrði (4. gr.)

Reglugerðin setur almenn skilyrði sem eru sameiginleg fyrir alla 25 matvælaflokkana:

- Notkun sætuefna (aukefna) og ný innihaldsefni eða samþykkt nýfæði með sætueiginleikum eru bönnuð
 - T.d. E 951 aspartam, E 954 sakkarín, E 950 asesúlfam K, E 955 súkralósi, Steviol glycosides E 960
- Innihald af transfitusýrum takmarkast við 2 grömm í hverjum 100 grömmum af heildarfitumagni
- Matvæli sérstaklega ætluð ungbörnum og smábörnum undir 3 ára aldri má ekki merkja með Skráargatinu.



Skilyrði fyrir markaðssetningu Skráargatsins (5. gr.)

Skráargatið má aðeins nota við markaðssetningu forpakkaðra matvæla sem eru í viðauka 2:

- Matvæli eru í samræmi við þau skilyrði sem eiga við um öll næringarefni sem tengjast viðeigandi matvælaflokki

Skráargatið má líka nota við markaðssetningu á óforpökkuðum matvörum innan vissra matvælaflokka

- Matvæli eru í samræmi við viðeigandi skilyrði í viðaukanum

- T.d. ávextir og ber, kartöflur og grænmeti (flokkar 18 og 19) sem eru seld í lausu eða eftir vigt, einnig fiskur, krabbadýr og skelfiskur (flokkur 12) sem er pakkaður á sölustað og seldur yfir borðið.



Næringargildismerkingar

- Notkun Skráargatsins í merkingum og markaðssetningu forpakkaðra matvara fylgir krafa um merkingu með næringargildi.
- Reglur um næringargildismerkingar eru í núverandi reglugerð um merkingu næringargildis (reglugerð nr. 410/2009).
- Frá 13. desember 2014 þurfa næringargildismerkingar að vera í samræmi við nýja reglugerð EB/1169/2011 um upplýsingar um matvæli
- Reglugerð þessi hefur ekki verið innleidd hérlendis en það má merkja samkvæmt henni nú þegar.
- Matvælastofnun hefur útbúið sérstakar leiðbeiningar um merkingu næringargildis matvæla:

<http://www.mast.is/library/Lei%C3%B0beiningar/LeiðbeiningarMerkingnaeringargildis131209JS.pdf>



Dæmi um merkingu næringargildis, skv. nýju reglugerðinni

Dæmi: Um heilkornsbrauð gilda skilyrði um fitu, sykur, natríum og trefjar. Brauðið skal því merkja á eftirfarandi hátt:

Næringargildi:

í 100 g

Orka

kJ og kkal

Fita

g

Þar af:

Mettaðar fitusýrur

g

Kolvetni

g

Þar af:

sykur

g

Trefjar

g

Prótín

g

Salt

g



Markaðssetning Skráargatsins á að vera skýr og ekki villandi (6. gr.)

- Öll notkun Skráargatsins við markaðssetningu verður að vera skýr og hún má hvorki vera villandi né blekkjandi fyrir neytendur.
- Ef nota á Skráargatið í annars konar markaðssetningu forpakkaðra vara en með merkingu á umbúðunum sjálfum skal varan einnig bera merkið á umbúðunum.



Dæmi um...

Villandi markaðssetningu
vara í verslunum.





Ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja (7. gr.)

- Matvælafyrirtæki sem nota Skráargatið við markaðssetningu matvæla skulu tryggja að notkun þess sé í samræmi við reglugerðina.
- Stjórnandi matvælafyrirtækis skal leggja fram niðurstöður úr faggiltum prófum sem staðfesta að notkun merkisins sé í samræmi við viðkomandi skilyrði í viðauka 2.
- Matvælafyrirtæki skal greiða fyrir eftirlit. Það sama á við um prófun opinberra eftirlitssýna.



Eftirlit samkvæmt reglugerð um Skráargatið (8. gr.)

- Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitafélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.
- Eftirlit fer fram á reglubundinn hátt, með úttektum og/eða eftirlitsverkefnum sem fela í sér:
 - skoðun á vöru og merkingum
 - Skjalaskoðun og/eða
 - Sýnatökur til mælinga
- Um brot gegn reglugerðinni fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a-e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli



Dæmi um brot á reglum um Skráargatið

- Villandi eða rangar merkingar og/eða markaðssetning
- Merkið er notað á matvörur sem tilheyra ekki skilgreindum matvælaflokkum.
- Vara er flokkuð í rangan matvælaflokk.
- Rangt útlit merkisins notað á umbúðir eða í markaðssetningu.
- Sætuefni eða nýfæði með sätueiginleika eða ný hráefni með sätueiginleika eru notuð í skráargatsmerkta matvöru.
- Innihald af transfitusýrum fer yfir leyfilegt hámarksmagn.
- Of hátt eða lágt innihald af ákveðnum skilgreindum næringarefnum fyrir viðkomandi matvælaflokk (flokkar 1-25).
- Of lágt innihald af hráefnum s.s. rótarávöxtum, belgbaunum o.fl. (flokkar 14-17).



Viðauki 1 – grafísk hönnun

- Merkið samanstendur af eftirfarandi þáttum:
 - Hvítt skráargat
 - Grænum hring (PMS 356) eða svörtum hring
 - Svartri eða hvítri vörumerkisskráningu
- Græni liturinn er aðallitur merkisins og á að nota ef mögulegt er.
- Skráargatsmerkið hefur sömu merkingu sama hvort það er í grænum eða svörtum lit.



Rétt notkun merkisins - Sjá hönnunarhandbókina

- Skráargatsmerkið er skrásett vörumerki og það á alltaf að líta eins út óháð því hvar það er framsett eða framleitt.
- Til að tryggja samræmda og rétta meðferð á hönnun merkisins hafa yfirvöld í Svíþjóð, Noregi og Danmörku útbúið "hönnunarhandbók" þar sem rétt grafísk hönnun, hvað varðar lit, stærð o.fl. eru útskýrð og sýnd.
- Allar upplýsingar varðandi hönnunarhandbók er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar:

<http://www.mast.is/matvaeli/skraargat/grafisk-honnun/>



Úr hönnunarhandbókinni - Autt svæði umhverfis Skráargatið

Ávallt skal vera autt svæði umhverfis
skráargatsmerkið. Þar mega engar aðrar upplýsingar
vera. Breidd auða svæðisins er $\frac{1}{4}$ af þvermáli
merkisins (4:1):



Free space = 4 : 1



Free space = 4 : 1



Úr hönnunarhandbókinni - Röng notkun merkisins



The individual elements of the Keyhole label must not be used separately or combined other than as specified in this manual.



The Keyhole in the circle must always be white, i.e. it must not be grey or transparent, for example, so that the background colour shines through.



A black edge line around the label is not permitted.



The Keyhole label must not be reproduced without the ® symbol.



A healthy choice

No other information, text or symbols may be placed within the free space.



The Keyhole label must not be reproduced in other colours than green (PMS 356) or black.



The Keyhole label must not be reproduced in white/negative.



Viðauki 2 (1) – almenn skilyrði fyrir alla matvælaflokka og skilgreining heilkorna

- Sætuefni og nýfæði
- Transfitusýrur
- Heilkorn

Aðrar skilgreiningar og útskýringar hugtakanna sem koma fram í reglugerðinni:

- Í þeim tilvikum sem hugtökin eru skilgreind í öðrum reglugerðum, eru skilgreiningar þeirra notaðar.
- Á vissum sviðum eru skilgreiningarnar sóttar annað t.d. í Codex staðla, eða í Norrænu næringarráðleggingar (NNR 2004).



Leiðbeiningar við notkun Skráargatsins á íslensku - væntanlegar

- Markmið leiðbeininganna er að útskýra ákvæði Skráargatsreglugerðarinnar svo að hún geti verið vinnutæki fyrir matvælaframleiðendur, innflytjendur og aðra sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla.
- Hin löndin þrjú hafa einnig gefið út leiðbeiningar sem byggja á sömu túlkunum enda er lögð áhersla á að ákvæði reglugerðarinnar séu ekki túlkuð á mismunandi hátt á milli landanna þriggja.
- Leiðbeiningar þessar hafa ekkert lagalegt gildi.



Viðauki (2) – Skilyrði fyrir einstaka matvælaflokka

- 25 matvælaflokkar sem má skipta niður í níu yfirflokkar:
 - Ávextir og ber
 - Brauð og kornvörur
 - Fiskur, skelfiskur og vörur úr fiski
 - Grænmeti og kartöflur
 - Kjöt og kjötvörur
 - Matarolía og viðbit
 - Mjólk og mjólkurvörur
 - Tilbúnir réttir
 - Vörur úr jurtaríkinu sem valkostur við dýraafurðir



®

Flokkur 1: Mjólk og sýrðar mjólkurvörur án viðbættis bragðs

- Mjólk og sýrðar mjólkurvörur án viðbættis bragðs sem innihalda minni fitu (**hámark 0,7 g/100 g**)

Dæmi um vörur sem geta tilheyrt flokknum:

- Undanrenna
- (Létt)mjólk (léttar útgáfur af mjólki með minna en 0,7% fitu)
- Súrmjólk
- Jógúrt
- AB mjólk
- Aðrar sýrðar mjólkurvörur

Dæmi um vörur sem ekki tilheyra flokknum:

- Mjólkurvörur með viðbættu bragði
- Sýrðar mjólkurvörur með viðbættu bragði
- Matarjógúrt (t.d. grísk jógúrt)

- Skráargatsmerktar vörur í þessum flokki á að merkja með stuttri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Flokkur 2: Sýrðar mjólkurvörur með viðbættu bragði

- Sýrðar mjólkurvörur með viðbættu bragði sem innihalda minni fitu (hámark, 0,7 g/100 g) og sykur (hámark, 9 g/100 g)

Dæmi um vörur sem geta tilheyrt flokknum:

- Jógúrt með viðbættu bragði
- Sýrð mjólk með viðbættum ávöxtum eða berjum
- Sýrð mjólk með viðbættu bragði

Dæmi um vörur sem geta ekki tilheyrt flokknum:

- Sýrðar mjólkurvörur án viðbætts bragðs (sbr. flokki 1)
 - Ávaxtajógúrt með sætuefnum
- Skráargatsmerktar vörur á að merkja með lengri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Flokkur 3: Jurtavörur sem er litið á sem valkost við vörur í flokki 1

- fita, hámark: 1,5 g/100 g
- mettaðar fitusýrur, hámark: 33% af heildar fituinnihaldi.
- heildarmagn sykurs, hámark: 5 g/100 g
- natríum, hámark: 0,04 g/100 g

- Þessi flokkur inniheldur vörur sem eru eingöngu af jurtauppruna og ætlaðar eru sem valkostur við mjólk (flokkur 1) sem drykkjarvörur.

Dæmi um vörur sem geta tilheyrt þessum flokki:

- Hafra-, soja- og hrísdrykkir án viðbætts bragðs

Dæmi um vörur sem ekki tilheyra þessum flokki:

- Ávaxtadrykkir, safar, nektar, saft
- Bjór (með og án alkóhóls)
- Vatn (þ.m.t. kolsýrt vatn) með eða án viðbætts bragðs

- Skráargatsmerktar vörur á að merkja með lengri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Flokkur 4: Vörur sem eru blanda af mjólk og rjóma og ætlaðar eru sem valkostur við rjóma og sýrðar mjólkurvörur sem fyrst og fremst eru ætlaðar til matargerðar.

- fita, hámark: 5 g/100 g
- heildarmagn sykurs, hámark: 5 g/100 g
- natríum, hámark: 0,1 g/100 g

- Vörurnar í þessum flokki eiga að vera fituminni valkostur við rjóma og tilsvarandi sýrðar vörur, notaðar til matargerðar eða notaðar beint sem meðlæti.

Dæmi um vörur sem geta tilheyrt flokknum:

- Léttar útgáfur af sýrðum rjóma og rjóma með eða án viðbætts bragðs
- Matarjógúrt (t.d. grísk jógúrt)

Dæmi um vörur sem tilheyra ekki flokknum:

- Kvarg (sbr. flokkur 6)
- Nýmjólk eða mjólk með hærra en 0,7% fitu

- Skráargatsmerktar vörur á að merkja með lengri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Flokkur 5: Jurtavörur að hluta eða öllu leyti ætlaðar sem valkostur við vörur í flokki 4

- fita, hámark: 5 g/100 g
- mettaðar fitusýrur, hámark: 33% af heildar fituinnihaldi
- heildarmagn sykurs, hámark: 5 g/100 g
- natríum, hámark: 0,1 g/100 g

Rjómalíki og sýrður rjómalíki án viðbætts bragðs sem valkostur við rjóma og sýrðan rjóma.

Dæmi um vörur sem geta tilheyrt flokknum:

- Hafra- og sojavörur sem eru ætlaðar sem valkostur við blöndur af rjóma og mjólk með eða án viðbætts bragðs
- Hafra- og sojavörur sem eru ætlaðar sem valkostur við sýrðar vörur eins og sýrðan rjóma, með eða án viðbætts bragðs

Dæmi um vörur sem ekki tilheyra flokknum:

- Sojavörur sem eru ætlaðar sem valkostur við jógúrt, þar sem þetta tilheyrir flokki 3

Skráargatsmerktar vörur á að merkja með lengri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Flokkur 6: Ferskur ostur og svipaðar vörur. Vörurnar geta verið með viðbættu bragði.

- fita hámark: 5 g/100 g
- natríum hámark: 0,35 g/100 g

Flokkurinn nær yfir ferskost með eða án viðbætts bragðs. Ferskostur er óþroskaður ostur, sem er tilbúinn til neyslu stuttu eftir framleiðslu og hefur takmarkað geymsluþol.

Dæmi um vörur sem geta tilheyrt flokknum:

- Kotasæla
- Kvarg
- Ferskostur
- Ferskur mozzarellaostur

Dæmi um vörur sem tilheyra ekki flokknum:

- Blámygluostur
- Bræddur ostur (sbr. flokk 8)

Skráargatsmerktar vörur á að merkja með lengri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Flokkur 11: Kjöt (beinagrindavöðvar) og lifur úr nautgripum, hestum, svínum, sauðfé, geitum, alifuglum eða villtum dýrum sem hafa ekki verið unnin

fita, hámark: 10 g/100 g

Þessi flokkur nær yfir óunnin kjöt en vörunar mega þó vera skorin, tekin í sundur, sneidd, úrbeinuð, brytjuð, hökkuð, hreinsuð, snyrt, kæld, fryst og þídd.

Dæmi um vöru sem geta tilheyrt flokknum:

- Hrár hryggvöðvi af lambi, svíni, nauti, kjúklingur og aðrir alifuglar, villt dýr o.s.frv.
- Hryggur, kálfakjöt, villibráð o.s.frv.
- Kótelettur, hryggur
- Lifur úr lambi, svíni, nautgrip
- Hakkað kjöt

Dæmi um vörur sem ekki tilheyra flokknum

- Vörur sem eru marineraðar í saltlegi (flokkur 13a)
- Marinerað kjöt
- Hakkað kjöt og aðrar hakkvörur með meira en 10% fitu

Skráargatsmerktar vörur á að merkja með stuttri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Flokkur 12: Fiskur, krabbadýr, skelfiskur og önnur lindýr sem hafa ekki verið unnin

-engin skilyrði

Þessi flokkur nær yfir bæði ferskan og frystan óunnin fisk, krabbadýr, skelfisk og önnur lindýr óháð fituinnihaldi. Vörurnar mega ekki vera unnar, en mega vera hlutaðar, beinhreinsaðar, skornar í stykki, hreinsaðar, hakkaðar, frystar eða upppíddar. Vörur í þessum flokki mega bera Skráargatið þó þær séu ekki forpakkaðar.

Dæmi um vörur sem tilheyra þessum flokki:

- Laxaflök, þorskbitar, ýsa, lúða o.s.frv.
- Hrár skelfiskur, svo sem kræklingar, kúskel, ostra, hörpuskel, o.s.frv.
- Rækjur, humar, krabbi, o.s.frv.
- Smokkfiskur, kolkrabbi, o.s.frv.

Dæmi um vörur sem geta ekki tilheyrt þessum flokki:

- Grafinn, reyktur eða saltaður fiskur (flokkur 13b)
- Fiskur í raspi
- Rækjur í legi, soðnar rækjur (flokkur 13b)

Það er engin krafa um næringargildismerkingu fyrir þennan flokk. Þetta á við bæði forpakkaða vöru og vöru sem er ekki forpökkuð.



Flokkur 13a.: Vörur framleiddar úr að minnsta kosti 50% kjöti (beinagrindavöðva), lifur eða blóði úr nautgripum, hestum, svínunum, sauðfé, geitum, alifuglum eða villtum dýrum.

- fita, hámark: 10 g/100 g

- heildarmagn sykurs, hámark: 5 g/100 g

- Vörurnar í þessu flokki mega ekki vera brauðhúðaðar, en mega innihalda sósu eða lög. Hundraðshlutinn á við um þann hluta vörunnar sem er ætlaður til neyslu og þýðir að a.m.k. 50 % af innihaldi vöru á við ætan hluta vörunnar.
- Vörurnar í þessum flokki eru ekki ætlaðar sem heil máltíð. Þær eru venjulega borðaðar ásamt meðlæti t.d. kartöflum og grænmeti (sbr. flokk 19).
- Einnig falla í þennan flokk vörur sem eru saltaðar, þurrkaðar, grafnar, marineraðar, reyktar, steiktar eða soðnar og sem nota má eða eru ætlaðar sem álegg.



Flokkur 13b.: Vörur sem eru framleiddar úr að minnsta kosti 50% fiski, krabbadýr, skelfiski og öðrum lindýrum

fita önnur en fiskifita, hámark: 10 g/100 g
- heildarmagn sykurs, hámark: 5 g/100 g

- Vörurnar mega ekki vera brauðhúðaðar, en þær mega innihalda sósu eða lög. Hundraðshlutinn á við um þann hluta vörunnar sem er ætlaður til neyslu sem þýðir að a.m.k. 50 % af innihaldi vöru á við ætan hluta vörunnar.
- Vörurnar í þessum flokki eru ekki ætlaðar sem heil máltíð. Þær eru venjulega bornar fram með meðlæti t.d. kartöflum og grænmeti. Einnig á þessi flokkur við vörur sem eru t.d. saltaðar, þurrkaðar, grafnar, marineraðar, reyktar, steiktar eða soðnar og eru jafnvel notaðar sem álegg.

Skráargatsmerktar vörur á að merkja með lengri næringargildismerkingu skv. reglugerð nr. 410/2009 en frá 13. desember 2014 skal merkja þær skv. EB/1169/2011.



Skilyrði fyrir brauð - (flokkur 20)

Brauð og brauðblöndur þar sem aðeins á að bæta við vatni og mögulega geri (fyrir brauðblöndur eiga skilyrðin við fullunna vöru) og sem inniheldur að minnsta kosti 25% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.

Brauð og brauðblöndur

- Minnst 25% heilkorn
- Minnst 5 g trefjar í 100 g
- Mest 7 g fita í 100 g
- Mest 5 g sykur alls* í 100 g
- Mest 1,25 g salt í 100 g



Dæmi: Rúnstykki (líka frosin), pítsabotnar, vefjur, bruður, tvíbökur og flatkökur



Ávextir og grænmeti – Flokkar 18 og 19

Ávextir og ber

Ávextir og ber – ferskir, niðurskornir
eða frosnir

- Ekki þurrkaðir eða soðnir
- Án viðbætts sykurs





Grænmeti og kartöflur

Grænmeti, belgbaunir, kartöflur –
ferskt, skorið, þurrkað eða frosið

- Mest 1 g viðbættur sykur í 100 g
- Mest 0,5 g salt í 100 g



Kynning, auglýsingar og merking í verzlunum





Takk fyrir



Einfalt að velja hollara



Hvað felst í Skráargatinu?

Skráargatið er opinbert samnorraent merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna.

Veldu Skráargatið

Markmiðið með Skráargatinu er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru.